


# LISTAVERKAGJÖF

ARNGRÍMS INGIMUNDARSONAR, KAUPMANNS,  
OG KONU HANS, BERGPÓRU JÓELSDÓTTUR  
TIL SIGLUFJARÐARKAUPSTAÐAR 16.6 1980



**GJÖF ÞESSI ER HELGUÐ MINNINGU FORELDRA ÞEIRRA HJÓNA**

<b>Ingimundi Sigurðssyni</b>	<b>F. 7. maí</b>	<b>1882</b>
<b>Hvammkoti Höfðaströnd.....</b>	<b>D. 14. des.</b>	<b>1941</b>
<b>Jóhönnu Arngrímsdóttur .....</b>	<b>F. 16. júní</b>	<b>1880</b>
	<b>D. 4. okt.</b>	<b>1932</b>
<b>Jóels Sumarliða Þorleifssonar</b>	<b>F. 22. okt.</b>	<b>1874</b>
<b>frá Efstadal í Laugardal .....</b>	<b>D. 23. ágúst</b>	<b>1962</b>
<b>Sigríði Kristjánsdóttur frá</b>	<b>F. 27. júní</b>	<b>1880</b>
<b>Grafarbakka Ytrihrepp Árnassýslu ...</b>	<b>D. 20. sept.</b>	<b>1954</b>

# ÁVARP

## FRÁ BÆJARSTJÓRN SIGLUFJARÐAR

Listaverkasafn þetta, sem þau heiðurshjón Arngrímur Ingimundarsson, kaupmaður, og kona hans, Bergþóra Jóelsdóttir, færa nú Siglfirðingum að gjöf, er ekki einasta sérlega mikið að vöxtum, heldur afburða gott safn. Í því má greina þverskurð íslenzkrar myndlistar síðustu áratugi, hræringar og stefnur, sem markað hafa spor sín á íslenska listamenn. Fjölbreytni er þar ráðandi, bæði í myndefni og vali á listamönnum. Fjölmargar myndanna má tvímælalaust telja þær bestu, sem einstakir listamenn hafa málað. Smekkvísi og næmt listauga þeirra hjóna, samfara ræktunarsemi við efnilega listamenn, er ótvírætt einkenni safnsins. Siglfirðingum er sannarlega mikill fengur að þessari gjöf, hún mun verða menningarlífi bæjarins mikil lyftistöng, og vísir að Listasafni Siglufjarðar.

Það er vissulega ánægjulegt, að burtfluttur Siglfirðingar skuli bera svo hlýjan hug til heimabyggðar og sýna henni svo ótvíræðan sóma. Það minnir okkur á, að böndin við Siglufjörð verða seint rofin. Enn ánægjulegri er þó sú tilhugsun, að mega njóta þeirra verka sem hér eru, hverfa úr erli dagsins á vit sköpunarinnar og skoða raunveruleikann í nýju ljósi, þar sem nýir heimar opnast, fullir af ævintýrum, dulúð og rómantik. Túlkun listamannsins er oft ráðgáta, hugmyndirnar virðast slíta sig úr viðjum raunveruleikans og hverfa á vald ótakmarkaðs hugmyndaflugs, þar sem litir og form taka á sig órofa heild.

Bæjarstjórn Siglufjarðar vill með ávarpi þessu þakka af heilum hug ómetanlega og höfðinglega gjöf hjónanna Arngríms Ingimundarsonar og Bergþóru Jóelsdóttur og færir þeim kveðjur Siglfirðinga og óskir um velfarnað á ókomnum árum.

Jóhann G. Möller

Ingimundur Binarsson

Jón D. Jónsson

Vigdís Þór Árnason

Þórný Þórnýsson

Stogi Þjórðbjörnsson

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson

Skúli Jónsson

Halbeinn Þorbjörnsson

Kaustvalley



Ingimar og Bergþóra á heimili sínu, Grettisgötu 2 í Reykjavík.

# NOKKUR ORÐ UM GEFENDUR SAFNSINS

Það er eðlilegt, að fólk spyrji, hvernig hjónin Arngrímur Ingimundarson og Bergþóra Jóelsdóttir, sem færa Siglufirðingum aðra eins rausnar-gjöf og þau hafa nú gert, tengist Siglufirði.

Arngrímur er fæddur að Höfn í Austur-Fljótum, 23. nóvember 1912, sonur hjónanna Ingimundar Sigurðssonar og Jóhönnu Arngrímsdóttur. Þau hjón stunduðu búskap á Illugastöðum þar til vorið 1919 er þú fluttust til Siglufjarðar. Ingimundur var þá orðinn sjúklingur, illa haldinn af liðagigt, og átti því erfitt með að stunda vinnu. Arngrímur sonur þeirra var alinn upp hjá móðurbróður sínum og föðursystur í Fljótum og kom ekki til Siglufjarðar fyrr en hann var 12 ára, árið 1924.

Þau Ingimundur og Jóhanna eignuðust 10 börn, þar af fæddust tvö á Siglufirði. Sjö barnanna eru enn á lífi. Jóhanna lést á Siglufirði 4. október 1932 en Ingimundur þar í bæ, 21. desember 1941.

Tvö systkina Arngríms bjuggu á Siglufirði um árabíl eftir lát foreldra sinna, þau Einara Ingimundardóttir, gift Páli Stefánssyni, og Sigurður R. Ingimundarson.

Arngrímur bjó á Siglufirði í 15 ár eða til 27 ára aldurs, en þá flutti hann til Reykjavíkur. Hann hafði stundað ýmiss störf til sjós og lands, m.a. verið á vertíðum í Eyjum að vetrarlagi og á síldveiðum eða á síldarplani yfir sumartímann.

Fljótlega eftir að hann kom suður tók hann við verkstjórn í dósagerð málningarverksmiðjunnar Hörpu, og var þar verkstjóri í samtals 17 ár.

14. júlí 1945 kvæntist Arngrímur Bergþóru Jóelsdóttur. Hún er fædd í Reykjavík 29. október 1913 dóttir hjónanna Jóels Sumarliða Þorleifssonar frá Efstadal í Laugardal og Sigríðar Kristjánsdóttur frá Grafarbakka í Ytrihrepp.

Foreldrar Bergþóru giftu sig 1904 og bjuggu í Reykjavík upp frá því. Jóel var húsmiður og starfaði við þá iðngrein alla sína tíð. Bergþóra var sú fimmta í röð sjö systkina.

Þau hjón Arngrímur og Bergþóra keyptu verslunina Vörðuna árið 1958. Hún var þá lítil vefnaðarvöruverslun við Laugaveg, en nú stór og myndalega verslun sem aðallega er kunn fyrir sölu barnavagna. Jafnframt komu þau á fót þrjónastofu fyrir barnafatnað, sem þau hafa rekið um árabíl, en framleiðslan hefur dregist nokkuð saman síðustu árin. Þau hjónin hafa eignast fjórar dætur sem heita Ingileif, Jóhanna, Sigríður og Gíslunn.

Arngrímur og Bergþóra eru mjög listelsk og hafa um árabíl safnað listaverkum eftir innlenda og erlenda höfunda. Umfangsmikið safn þeirra prýddi veggj á heimili þeirra að Grettisgötu 2 í Reykjavík þar til nú fyrir skömmu, að það var flutt til Siglufjarðar.

Afhendingartími gjafarinnar, júnímánuður 1980, er valinn með tilliti til þess að í þessum mánuði eru liðin 100 ár frá fæðingu mæðra þeirra beggja, Jóhönnu Arngrímsdóttur, sem fædd var 16. júní 1880 og Sigríðar Kristjánsdóttur sem fæddist 27. júní 1880

Að sögn Arngríms vilja þau hjón með málverkagjöfinni sýna Siglufirðingum í verki þakklæti fyrir stuðning, sem þeir veittu foreldrum hans á erfiðleikatímum eftir að þau brugðu búi í Fljótum vegna heilsubreysts föður hans og fluttust til Siglufjarðar. Móðir hans mun oft hafa haft á orði, að þennan stuðning hefðu þau hjón aldrei getað launað Siglufirðingum og vilja nú Arngrímur og Bergþóra með gjöfinni láta bæjarbúa njóta hjalpsemi og vinsemdar þeirra.

Málverkasafn þeirra hjóna, sem talið hefur verið eitt allra vandaðasta og fjölbreytilegasta listaverkasafn í einkaeign hér á landi, hlýtur að verða ómetanleg lyftistöng fyrir menningarlíf Siglufjarðarkaupstaðar.

# LISTAVERKAGJÖF ARNGRÍMS INGIMUNDARSONAR, KAUPMANNSS, OG BERGÞÓRU JOELSDÓTTUR, KONU HANS, TIL SIGLUFJARÐARKAUPSTAÐAR, 1980

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
Alfred Flóki	1938	Listamaður og fyrirsæta	Blýantst.	70 x 48	1960
Alfred Flóki		Juliette	Rauðkrít	85 x 67	1976

Alfred Flóki hefur nokkra sérstöðu í íslenski myndlist fyrir áhuga sinn á súrrealisma, þ.á.m. könnun undirvitunar, og á bókmenntum sem fjalla um hyldýpi mannsálarinnar.

Ágúst Petersen	1909	Vetur í Grindavík	Olía á masónít	50 x 65	1975
----------------	------	-------------------	----------------	---------	------

Ágúst Petersen hefur gegnum árið ræktað með sér mjög sérkennilegt raunsæi, í senn draumkennt og sannverðugt.

Ásgeir Lárusson	1958	Þróun I	Blönduð tækni	35 x 35	1977
-----------------	------	---------	---------------	---------	------

Baltasar	1938	Bakkus	Blönduð tækni	85 x 60	1963
----------	------	--------	---------------	---------	------

Baltasar er þekktur fyrir hröð, umbúðalaus vinnubrögð þar sem augnablikstilfinningar ráða ferðinni. Þessi mynd er ágætt dæmi um eldri stíl hans.

Barbara Árnason	1911-1975	Æðarfulgar og stuðlaberg	Tréstunga	15 x 15	1949
-----------------	-----------	--------------------------	-----------	---------	------

Barbara Árnason		Frá Mexíkó	Túsk- og pennateikn.	32 x 33	
-----------------	--	------------	----------------------	---------	--

Barbara Árnason var brautryðjandi bæði í grafík og vefnaði og setti mikinn svip á íslenskt listakj með ljóðrænum og ímílagum verkum sínum.

Benedikt Gunnarsson	1929	Frá Heklugosi	Akrýl á papp	48 x 68	1964
---------------------	------	---------------	--------------	---------	------

Benedikt Gunnarsson		Vornótt á Reykjanesi	Olía á striga	70 x 115	
---------------------	--	----------------------	---------------	----------	--

Benedikt Gunnarsson er af fjölmennri listamannaætt og stundar ljóðræna hálf-afstrakt list, þar sem náttúran og náttúruundur leika stór hlutverk.

Björg Þorsteinsdóttir	1940	Sumarminning	Akrýl á striga	140 x 125	1975
-----------------------	------	--------------	----------------	-----------	------

Björg Þorsteinsdóttir		Hendi	Æting & akvatinta (3/15)	62 x 48	1975
-----------------------	--	-------	--------------------------	---------	------

Björg Þorsteinsdóttir		Blúndur og blásýra	Æting & akvatinta (1/20)	65 x 50	1976
-----------------------	--	--------------------	--------------------------	---------	------

Björg Þorsteinsdóttir er ein af þekktustu grafíklídamönnum okkar og hefur komið sér upp myndmáli þar sem blandað er saman hversdagshlutum og afstrakt formum.

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
<b>Björgvín Sigurgeir Haraldsson</b>	1936	Vorpeyr	Olía á striga	90 x 100	1969
<b>Bragi Ásgeirsson</b>	1931	Sólsetur	Olía á spónapl.	90 x 68	1956-58

Bragi Ásgeirsson er þekktur fyrir framkvæmdir sínar á mörgum sviðum lista. Þetta er mynd frá síðasta skeiði hinnar geómetrísku afstraktlistar hans.

<b>Brynhildur Ósk Gísladóttir</b>	1944	Ekki eru eins manns eyru á allra höfði	Blönd.tækni	63 x 48	1978
<b>Clausen Henri</b>		Lac Lemán	Olía á masónít	49 x 60	1964
<b>Dall Salvador</b>	1904	De Sade nr. 7	Litað steinpr. (Merkt K. H/C)	60 x 46	
<b>Dall Salvador</b>		Kappreiðahestur	Litað steinpr. (79/250)	45 x 55	1972

Dali er einn þekktasti listamaður nútímans og hefur látið til sín taka á mörgum sviðum, þ.á.m. grafik. Hér spinnur hann fantasíur kringum þekktar bókmenntir.

<b>Einar Hákonarson</b>	1945	Mynd	Olía á striga	98 x 75	
<b>Einar Hákonarson</b>		Jarðtengsl	Olía á striga	68 x 54	1974

Einar Hákonarson er einn mikilvirkasti listmálari okkar af yngri kynslóð og hefur sérstaklega lagt fyrir sig túlkun á mannlífi, en þó ávallt í sérstöku samhengi forma og sterkra lita.

<b>Einar Þorláksson</b>	1933	Rok	Pastel	48 x 62	1974
-------------------------	------	-----	--------	---------	------

Einar Þorláksson brúar að vissu leyti bilið milli Septembermannanna svokölluðu og yngri málara sem fást við afstrakt málverk.

<b>Eiríkur Smith</b>	1925	Hraun	Vatnsl.	35 x 52	1978
----------------------	------	-------	---------	---------	------

Á sjöunda áratugnum hvarf Eiríkur Smith endanlega frá afstrakt málverki og tók þess í stað að gera ljóðræn tilbrigði um umhverfi sitt, skip, landslag og fólk.

<b>Erró (Guðm. Guðmundsson)</b>	1932	Páfinn og stúlkan	Lithogr. (E/A)	40 x 40	1961
		Mynd	Lithogr.	64 x 52	1977
		Mynd	Lithogr.	64 x 39	1977

Erró er einna þekktastur íslenskra listamanna á erlendri grundu fyrir makalaust hugarflug sitt og aðferðir við að tengja ólíka heima. Myndin Páfinn og stúlkan olli mikilli hneykslan er hún var sýnd. sem málverk í Rómaborg.

<b>Eyjólfur Einarsson</b>	1940	Háflæði	Olía striga	100 x 100	1974
<b>Eyjólfur Einarsson</b>		Sjávarstemming	Vatnsl.	25 x 36	1975
<b>Eyjólfur Einarsson</b>		Ísing	Akrýl á striga	110 x 130	1977

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
<b>Guðmunda Andrésdóttir</b>	1922 1946	Mynd	Olía á striga	65 x 55	1975
<b>Gunnar Örn Gunnarsson</b>		Andlit	Blyantsteikn.	45 x 35	1969
<b>Gunnar Örn Gunnarsson</b>		Konuandlit	Olía á masónit	51 x 42	1971
<b>Gunnar Örn Gunnarsson</b>		Sól	Olía á striga	100 x 85	1975
<b>Gunnar Örn Gunnarsson</b>		Prófill	Olía á striga	40 x 45	1976
<b>Gunnar Örn Gunnarsson</b>		Sjálfsmynd	Blekteikn.	40 x 28	1973
<b>Gunnar Örn Gunnarsson</b>		Maður	Olía á striga	65 x 50	1976

Gunnar Örn er einn af fáum listamönnum af yngri kynslóð sem að staðaldri fæst við mannlíkamann í verkum sínum og gerir hann úr honum mikinn orustuvöll líta og tilfinninga.

**Hafsteinn Austmann** 1934 Form Olía á striga 60 x 80 1971

Hafsteinn Austmann stundar einkar fágaða afstraktlist þar sem sterk form svífa í þokukenndu andrúmslofti.

**Holstein, Peter** Hjá tannlækninum Lituð æting 60 x 45 1971

Peter Holstein er hollenskur listamaður, nú vel þekktur um Evrópu fyrir fjarstæðukenndar utsetningar á hversdagslegum atvikum.

**Hosking, Knighton** 1944 Binding Akryl á striga 240 x 182 1975

Hoskin er ungur breskur málari sem leitast við að finna náttúruskoðun sinni bæði voldugan og einfaldan farveg.

**Hringur Jóhannesson** 1932 Miðbiksathugun Olía á striga 55 x 80 1969  
**Hringur Jóhannesson** Frá Laugarnesi Pastel 35 x 40 1975

Hringur Jóhannesson hefur nokkra sérstöðu meðal íslenskra málara fyrir nákvæm rannsóknarstíl sinn, blandaðan ljóðrænni innlifun.

**Hörður Ágústsson** 1922 Hvirfing Límrenningar á 120 x 120 1975  
harðplast

**Hörður Ágústsson** Nótt Olía á pappír 51 x 75 1956

Hörður Ágústsson hefur um áratuga skeið staðið í framvarðasveit íslenskra myndlistamanna, bæði sem listamaður og fræðimaður. Þessa tvær myndir sína glögg hinar tvær hliðar á verkum hans, rannsóknareðlið og ljóðrænu.

**Höskuldur Björnsson** 1907-1963 Selir Vatnslitir 42 x 54 1942

**Höskuldur Björnsson** Prófastar Vatnslitir 58 x 72 ?

**Höskuldur Björnsson** Grafarbakki í Ytri-Hreppi Vatnsl. 50 x 74 ?

Höskuldur Björnsson var rómantískur túlkandi íslensks dýralífs sem aðrir listmálara gerðu sér ekki far um að tjá sig um svo nokkru næmi.

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
<b>Ingunn Eydal</b>	1942	Eftir vinnutíma	Æting (18/50)	27 x 22	1977
<b>Ingi Hrafn</b>	1941	Ein á ferð	Blönd. tækni	82 x 82 x 26	1979
<b>Jakob Jónsson</b>	1936	Mynd	Gvass	40 x 54	1975
<b>Jóhanna Bogadóttir</b> <b>Jóhanna Bogadóttir</b>	1944	Móðurást Krossfesting	Pastel Offset-lithogr. (1/25)	41 x 58 57 x 45	1976

Jóhanna Bogadóttir fjallar gjarnan um sálarþrengingar sem líkamlegar, um ótryggan heim.

### **Jóhannes Geir**

<b>Jónsson</b>	1927	Klettaverksmiðjan	Pastel	45 x 60	c. 1975
----------------	------	-------------------	--------	---------	---------

Jóhannes Geir er einn af fáum hálf-raunsæjum listmálurum hérlendum sem rekist hefur að finna nýjan flöt á umhverfi sínu til túlkunar.

1921

<b>Jóhannes Jóhannesson</b>		Straumar	Olía á striga	85 x 95	1974
<b>Jóhannes Jóhannesson</b>		Form	Gvass	40 x 30	1974
<b>Jóhannes Jóhannesson</b>		Glíma formanna	Vatnslitir	35 x 47	1975

Jóhannes Jóhannesson hefur allar götur haldið sig við afstrakt túlkun, þar sem skreytikennnd form og hreyfing þeirra eru í hávegum höfð.

<b>Jóhannes S. Kjarval</b>	1885-1972	Landslag	Vatnslitir	34 x 48	?
<b>Jóhannes S. Kjarval</b>		Botnssúlur	Olía á striga	114 x 160	1930
<b>Jóhannes S. Kjarval</b>		Úr Þingvallasveit	Olía á striga	112 x 170	1942

Um Jóhannes Kjarval þarf vart að fara mörgum orðum svo mjög sem verk hans hafa greypst í þjóðarvitund okkar Íslendinga fyrir kvika og ævintýralega túlkun á landslagi og landvættum.

<b>Jón Engilberts</b>	1908-1972	Landslag	Olía á striga	105 x 80	
-----------------------	-----------	----------	---------------	----------	--

Jón Engilberts var einn af höfuð boðberum expressjónismans hér á landi, í verkum þar sem sterkir litir og kr. ftug meðferð haldast í hendur. Þetta verk er mjög óvenjulegt sökum þess að bæði eru litir sérkenninglega samsettir og enga manneskju er í því að finna.

<b>Jón Reykdal</b> <b>Jón Reykdal</b>	1945	Náttúrumaður IV Landslag IV	Dúkrista (18/50) Sáldprykk & dúkrista (7/10)	28 x 35 60 x 46	1978 1979
--	------	--------------------------------	--	--------------------	--------------

Jón Reykdal er meðal liðsodda íslenskra grafklistamanna og fæst einkum við verk sem fjalla á ýmsa vegu um samband manns og lands.

Nafn listamanns


Fæðingarár

Heiti verks

Efni

Stærð

Ár



**Karl Kvaran**

**1924**

**Kyrrð**

**Olfa á striga**

**155 x 112**

**1974**

Karl Kvaran er meðal helstu listamanna af þeirri kynslóð sem komst til þroska á árunum eftir síðara stríð. Hann hefur ótrauður haldið sig við afstraktmálverk þar sem þokkafull teikning og hvellir litir haldast í hendur.

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
<b>Kjartan Guðjónsson</b>	1921	Eva	Blek & gvass	30 x 30	1948
<b>Kjartan Guðjónsson</b>		Mynd	Gvass	35 x 47	1975

Kjartan Guðjónsson er af sömu kynslóð og Karl Kvaran og hefur jöfnum höndum stundað kraftmikið aftstraktmálverk og fagaða teikningu.

<b>Kristjana Arndal</b>	1939	Mynd	Olía á striga	54 x 65	1973
<b>Kristjana Arndal</b>		Við Gullfoss	Olía á striga	115 x 100	1975
<b>Kristján Davíðsson</b>	1917	Afstrakt mynd	Olía á striga	115 x 115	1966



**Kristján Davíðsson**

**Höfuð**

Olía á striga 80 x 75 1976

Nafn listamanns

Fæðingarár

Heiti verks

Efni

Stærð

Ár

Kristján Davíðsson hefur einn sinna félaga af Septemberkynslóð fengis við frjálst afstraktmálverk sem í seinni tíð hefur tekið mið af þekktanlegri veröld. Málverk hans eru jafnan auðþekktanleg fyrir óskekult litaskyn og hröð vinnubrögð.

<b>Magnús Á Árnason</b>	1894	Útsýningur	Olía á striga	90 x 120	1975
<b>Magnús Kjartansson</b>	1949	Bakaraslagur	Blönd.tækni	60 x 42	1977
<b>Magnús Kjartansson</b>		Mynd	Blönd.tækni	57 x 45	1977
<b>Magnús Kjartansson</b>		ATH. . .	Blönd.tækni	135 x 85	1978

Magnús Kjartansson er einn af þeim ungu listmálurum sem taka til meðferðar ýmsa „búta“ úr veruleikanum og meðhöndla þá eins og afstrakt form og í þeim tilgangi hefur klippimyndaþeknin komið að góðum notum.

<b>Mark, Susanne</b>		Hilsen frá Barcelona	Lithogr.	46 x 48	1974
----------------------	--	----------------------	----------	---------	------



**Matthea Jónsdóttir** 1935

Álfaborg

Olía á striga 85 x 76

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
-----------------	------------	-------------	------	-------	----

Matthea Jónsdóttir brýtur þann veruleika sem hún vill tjá niður í einfaldar einingar, sem hún síðan raðar saman að hætti kúbista.

<b>Margrét Reykdal</b>	1948	Nálægð	Olía á striga	70 x 55	1974
<b>Margrét Reykdal</b>		Frá Lófóten	Olía á striga	100 x 120	1978

Málverk Margrétar Reykdal hafa til að bera rómantíska dulúð sem minnir um margt á norska málralist.

<b>Mlanowski, Lucian</b>	1933	Nakin við hafið	Litað steinpr.	73 x 48	1977
--------------------------	------	-----------------	----------------	---------	------

<b>Nína Sæmundsson</b>	1892-1965	Landslag	Olía á striga	35 x 69	?
------------------------	-----------	----------	---------------	---------	---

Málverk Nínu Sæmundsson eru tæpast eins vel heppnum og höggmyndir hennar, en bera þó vott sterku ljóðrænu innræti.

<b>Nína Tryggvadóttir</b>	1913-1968	Rimma	Olía á striga	106 x 66	1963
---------------------------	-----------	-------	---------------	----------	------

Nína Tryggvadóttir er einn af helstu listmálurum okkar í seinni tíð og túlkun hennar er ávallt þrúgin ljóðrænum krafti og festu.

<b>Omar Skúlason</b>	1949	Mynd	Blönd.spraututækni	62 x 44	1978
<b>Ómar Skúlason</b>		Haldór	Blönd.spraututækni	62 x 44	1978

Ómar Skúlason og Magnús Kjartansson hafa haft samflot að vissu marki í myndlist sinni, nema hvað Ómar byggir meir á ljósmyndaefni en Magnús og beitir öðrum litum.

1933

<b>Ragnheiður Jónsdóttir</b>	Glundur '75	Æting & akvatinta			
<b>Ragnheiður Jónsdóttir</b>	Palli getur ekki verið einn í heiminum	(1/20)	52 x 64	1976	
		Æting & akvatinta			
		(18/50)	43 x 29	1978	

Ragnheiður Jónsdóttir er nú einn þekktast grafíklístamaður okkar, innanlands sem erlendis, fyrir fagaða grafík þar sem fjallað er um ýmisleg dægurmál í formi persónulegra tákna.

<b>Ragnheiður Jónsd.</b>	1917-1976	Háagil	Olía á striga	95 x 115	1974
<b>Ream</b>					

Í verkum Ragnheiðar Ream er að finna endurnýjun á forsendum íslensks landslagsmálverks. Hún meðhöndlar það á annan hátt en flestir aðrir og sér í því nær suðræna liti.

<b>Röder, M.</b>		Gigolo	Steinpr. (60/120)	50 x 70	1975
<b>Sigríður Björnsdóttir</b>	1929	Afstrakt mynd	Akrýl á str.	60 x 70	1971
<b>Sigurður Örygsson</b>	1946	Mynd	Olía á str.	130 x 90	1974-5
<b>Sigurður Örygsson</b>		Monument	Olía á str.	125 x 85	1973-4
<b>Sigurður Örygsson</b>		Mynd	Olía á str.	202 x 137	1974
<b>Sigurður Örygsson</b>		Vélmenni og veldisstólar	Bl. tækni		

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
-----------------	------------	-------------	------	-------	----

Sigurður Örylgsson hefur lagt ýmislegt að mörkum til nýrrar könnunar á möguleikum afstraktmynda, auk þess sem hann beitir klippimyndaækni.

<b>Sigbór Jakobsson</b>	1942	Brim	Akrýl á striga	90 x 85	1974
<b>Skarphéðinn Haraldsson</b>	1916	Sjávarþorp	Vatnsl.	66 x 100	c. 1958
<b>Snorri Arinbjarnar</b>	1901-1958	Frá Þingvöllum	Vatnsl.	21 x 30	?

Snorri Arinbjarnar var einn af helstu frumkvöðlum í íslenskrri myndlist á þessari öld. Sérstaklega eru aðlaðandi hinar tæru vatnslitamyndir hans af íslenskrri náttúru og sjávarþorpum.

	1925				
<b>Steingrímur Sigurðsson</b>		Tveir hestar	Olía á str.	40 x 82	c. 1977
<b>Svavar Guðnason</b>	1909	Mynd	Olía á masónít	87 x 86	1968
<b>Svavar Guðnason</b>		Mynd	Vatnsl.	25 x 25	1975

Svavar Guðnason er brautryðjandi í íslenskrri afstraktmyndlist með kröftugum, ómstríðum málverkum sínum og vatnslitamyndum, jafnan ógandi af tilfinningum.

<b>Sveinn Björnsson</b>	1925	Úr Hafnarfirði	Olía á str.	57 x 70	1958
<b>Tryggvi Ólafsson</b>	1940	Sólhlíf	Akrýl á str.	135 x 170	1974
<b>Tryggvi Ólafsson</b>		Haut	Akrýl á str.	160 x 120	1977

Tryggvi Ólafsson hefur nýtt sér ýmsar uppgötvanir alþjóðlegrar Popp-listar, þ.á.m. hvella liti auglýsingaspjalda og algeng tákn úr hversdagslífinu, en þó ávallt á sinn sérstaka hátt.

<b>Valgerður Bergsdóttir</b>	1943	Einu sinni var?	Dúkrista (18/50)	23 x 26	1978
<b>Valtýr Pétursson</b>	1919	Hálendið	Olía á str.	70 x 71	1972
<b>Valtýr Pétursson</b>		Mynd	Olía á masónít	60 x 50	

Valtýr Pétursson hefur smátt og smátt verið að hverfa frá hreinum leik með form og liti til kröftugra náttúruleysinga.

<b>Veturliði Gunnarsson</b>	1926	Mynd	Gvass	55 x 79	?
<b>Veturliði Gunnarsson</b>		Bátar	Vatnsl.	52 x 65	c. 1975

Veturliði Gunnarsson hefur fyrir margt löngu tamið sér hröð, ljóðræn vinnubrögð í myndlist sinni

<b>Vilhjálmur Bergsson</b>	1937	Tré	Olía á str.	60 x 40	1958
<b>Vilhjálmur Bergsson</b>		Víddir	Olía á str.	65 x 50	1974
<b>Vilhjálmur Bergsson</b>		Fölvi	Olía á str.	65 x 50	1971
<b>Vilhjálmur Bergsson</b>		Mynd	Olía á str.	42 x 105	1975

Vilhjálmur Bergsson malar myndir sem virðast eins og úr öðrum heimi, þar sem hefðbundnar hugmyndir um rúm og víddir virðast ekki í gildi.

<b>Weissauer, Rudolf</b>		Landslag og skip	Steinprent (Merkt „Epreuve d'artiste)	30 x 40	1958
--------------------------	--	------------------	--	---------	------

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Æfni	Stærð	Ár
<b>Weissauer, Rudolf</b>		<b>Mynd</b>	<b>Vatnl.</b>	<b>43 x 55</b>	<b>c. 1973</b>

Weissauer er löngu landskunnur fyrir áhuga sinn á íslensku myndefni og tæknilega snilld sína á hinum ýmsu sviðum myndlista, einkarlega grafík og vatnsl.

<b>Yvaral</b>	<b>1934</b>	<b>Mynd</b>	<b>Sáldprykk (98/200)</b>	<b>63 x 63</b>	<b>c. 1975</b>
---------------	-------------	-------------	-------------------------------	----------------	----------------

Franski listamaðurinn Yvaral er sonur hins þekhta Victors Vasarely og stundar eins konar sjón-  
hverfingalist með frumform.



<b>Þorbjörg Höskuldsdóttir</b>	<b>1939</b>	<b>Snæfellsás-Úa</b>	<b>Olía á striga</b>	<b>95 x 120</b>	<b>1972</b>
<b>Þorbjörg Höskuldsdóttir</b>		<b>Hrópið</b>	<b>Olía á striga</b>	<b>70 x 100</b>	<b>1975</b>
<b>Þorbjörg Höskuldsdóttir</b>		<b>Torgið</b>	<b>Blönd.tækni</b>	<b>25 x 37</b>	<b>c. 1975</b>
<b>Þorbjörg Höskuldsdóttir</b>		<b>Útlaqar</b>	<b>Olía á striga</b>	<b>135 x 120</b>	<b>1977</b>

Verk Þorbjargar Höskuldsdóttur bera tíðum keim af súrrealískri myndgerð þar sem daumkennt andrúmsloft ríkir og óræðir atburðir gerast.

Nafn listamanns	Fæðingarár	Heiti verks	Efni	Stærð	Ár
<b>Pórdís Tryggvadóttir</b>	1936	Mynd	Vatnsl.	33 x 45	1975
<b>Pórdís Tryggvadóttir</b>		Ljóðlag	Olía á masónít	48 x 70	1975

**Pórður Hall** 1949 Samruni Sáldþrykk (18/50) 37 x 32 1978

Pórður Hall er einn af þekktustu grafiðlistamönnum okkar og hefur hann eingöngu lagt stund á sáldþrykk sem komið hefur til skila þokkafullum vinnubrögðum hans og stílfærðum hugrenningum.

**Þorvaldur Skúlason** 1906 Mynd Olía á striga 100 x 75 1965



**Þorvaldur Skúlason** Haust Olía á striga 80 x 100 1974  
**Þorvaldur Skúlason** Dans Gvass 35 x 46 1975

Þorvaldur Skúlason er einn mikilhæfasti listmálari okkar og hefur hann haft ómæld áhrif á einar þrjár kynslóðir myndlistarmanna með afstraktnýndum sínum sem fjalla í senn um hreyfingu, tónlist og tíma.

Nafn listamanns	Fæðingarár	Hæiti verks	Efni	Stærð	Ár
<b>Örlygur Sigurðsson</b>	1920	Drengur	Vatnsl.	75 x 52	1961
<b>Örlygur Sigurðsson</b>		Sjálfsmynd	Olía á striga	66 x 50	1973
<b>Örlygur Sigurðsson</b>		Blástokkar	Vatnsl.	35 x 47	1974
<b>Örlygur Sigurðsson</b>		Thor Vilhjálmsson	Svartkrít & blýantur.	40 x 30	1974

Örlygur Sigurðsson er líkast til þekktastur fyrir kímilegar teikningar sínar, en sömu glettni má finna í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, tók saman